

Reglugerð sem varðar ÞUNGAÐAR KONUR á vinnustöðum eða konur með barn á brjósti



Efni reglugerðarinnar

Reglugerðin fjallar um ráðstafanir til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Tilkynningarskylda

Kona þarf að tilkynna atvinnurekanda um þungunina eða barnsburð til að geta notið þeirra réttinda sem reglugerðinni fylgja.

Áhættumat

Geti störf verið hættuleg fyrir þungaða konu eða konu með barn á brjósti skal atvinnurekandi meta áhættuna og gera viðeigandi ráðstafanir ef þörf krefur. Leiðbeiningarreglur hafa verið gefnar út til að vinna slíkt mat. eru þær fánlegar hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.

Hættuleg störf

Störf geta haft í för með sér hættu sökum

- mengunar
- vinnuaðferða
- vinnuskilyrða

Ef nauðsynlegt er skal

- breyta tímabundið vinnuskilyrðum
- breyta tímabundið vinnutímanum
- fela starfsmanninum önnur verkefni
- ef annað er ekki hægt – veita starfsmanninum leyfi frá störfum eins lengi og nauðsynlegt er



Vinna að næturlagi

Ekki má skylda ófríska konu til að vinna að næturlagi á meðgönguátíma og jafnframt í allt að sex mánuði eftir barnsburð.

Viðaukar

Í viðauka I í reglugerðinni er skrá yfir helstu skaðvalda, vinnuaðferðir og vinnuskilyrði sem geta krafist sérstakra ráðstafana.

Í viðauka II eru talin upp þau tilvik þar sem vinna þessa hóps getur verið alfarið bönnuð.

Reglugerðin (nr. 679/1998) fæst hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

